

og vísa málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá gestarjettinum. Málskostnaður falli niður.

Nr. 37/1894:

Sigfús G. Sveinbjarnarson  
 gegn  
 Konráði Hjálmarssyni.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjeraði fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepssyni fyrir hönd Konráðs Hjálmarssonar gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum 19. sept. 1893 á þá leið, að Sigfús var dæmdur til að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sæta 15 daga einföldu fangelsi, enn fremur til að borga 50 kr. í málskostnað og hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, út gefinni 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og krafizt þess, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að stefndi

verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, og loksins, að nokkur orð verði dæmd ómerk, sem sje grey, tetur, aumingi, græningi, er umboðsmaður hins stefnda hefur haft um áfrýjanda fyrir gestarjettinum. Hinn stefndi, Konráð Hjálmarsson, hefur, eptir að kröfu hans um frávísun málsins var hrundið með úrskurði þessa rjettar, upp kveðnum 18. marz þ. á., krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Kröfu sína um ómerking hins áfrýjaða dóms byggir áfrýjandi á því, að málið hafi ranglega verið rekið fyrir gestarjetti, og að sáttaumleitun sú sem fram fór fyrir gestarjettinum, hafi ekki verið lögleg sáttaumleitun í málinu. Það verður og að álíta það rjett, að skilyrði fyrir gestarjettar meðferð á málinu hafi eigi verið fyrir hendi, því að af máls skjölunum virðist það ljóst, að málspartar báðir, eigi síður áfrýjandi en hinn stefndi, hafi verið heimilisfastir í þinghanni. Sáttaumleitun átti því að fara fram fyrir hinni reglulegu sátta nefnd. — Það verður því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá gestarjettinum. Hin tilgreindu orð umboðsmanns hins stefnda (í hjeradi) um áfrýjandann, grey, tetur, aumingi, græningi, eru ástæðulaus og óvirðandi, og ber að dæma þau ómerk. Eptir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn á að vera ómerkur og visast málinu frá gestarjettinum; hin ofan-tilgreindu óvirðingarorð eiga að vera dauð og ómerk. Málskostnaður falli niður.

Nr. 35/1894:

Sigfús Sveinbjarnarson  
 gegn  
 Birni Bjarnarsyni.

Dómur:

Mál þetta var í hjerði höfðað fyrir gestarjetti Suður-Múlasýslu af Skapta Jósepsyni fyrir hönd Björns Bjarnarsonar á Krossi gegn Sigfúsi Sveinbjarnarsyni út af meiðyrðum, og var dómur kveðinn upp í því af gestarjettinum hinn 20. sept. 1893 á þá leið, að hin átöldu meiðyrði voru dæmd ómerk, og að Sigfús Sveinbjarnarson var dæmdur til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, en til vara sæta 12 daga einföldu fangelsi svo og til að greiða 50 kr. í málskostnað. Dómi þessum áfrýjaði Sigfús til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. jan. f. á., en henni var frá vísað með dómi rjettarins 20. ágústmán. næst á eptir. Hann hefur nú aptur skotið málinu hingað með stefnu, dags. 27. s. m., og gjört þær rjettarkröfur, að gestarjettardómurinn verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gestarjettinum, en til vara, að hann verði algjörlega sýknaður og að hinu stefndi verði, hvernig sem fer, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir